



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

SAMS1SS01

Kennari	Sunna Pétursdóttir, sunna.petursdottur@fss.is Valgerður Guðbjörnsdóttir, valgerdur.gudbjornsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudagur 14:00-14:40 í stofu 221.	
Námsefni	Efni áfangans fá nemendur hjá kennara.	
Áfangalýsing	Fjallað er um mikilvægi góðrar samskiptafærni og hvernig ólík framkoma getur tengst líðan og árangri í lífi og starfi. Áhersla á að námsfólk verði meðvitað um eigin ábyrgð og um áhrif framkomu þeirra / annarra á umhverfi og fólk. Samskiptafærni nema er styrkt og eflað markvisst meðal annars með umfjöllun um eigin hugsanir, formleg og óformleg samskipti, gerðir hlustunar, hrós, gagnrýni og úrlausn ágreinings. Nema fá þjálfun í að efla með sér þætti sem stuðla að uppbyggilegum persónulegum og faglegum samskiptum. Fjallað er um gildi og eðli samskipta og tekin fyrir grunnatriði í samtalstækni.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.	
	Símatáfangi ☒	Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐
	Heiti Tímaverkefni	Vægi 100 %
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	

Annað sem kennari vill láta koma fram	Birt með fyrirvara um breytingar á tilhögun áfangans.
--	---

Grunnpættir menntunar	Í kennslu í samskiptum fléttast grunnþættir menntunar saman á fjölbreyttan hátt: • Læsi er hornsteinn námsins. Nemendur þjálfast í að vinna með upplýsingar, ræða ólík málefni og tjá sig bæði í töluðu og rituðu máli. • Lýðræði og mannréttindi koma fram í náminu með því að nemendur æfa sig í að ræða málefni, hlusta á ólík sjónarmið og mynda sér eigin skoðanir út frá upplýsingum. • Jafnrétti er mikilvægt í náminu. Nemendur læra að bera virðingu fyrir fjölbreytileika og því að fólk er ólíkt. Kennslan er jafnframt aðlöguð að þörfum nemenda svo allir fái tækifæri til að taka virkan þátt. • Heilbrigði og velferð fléttast inn í námið með umfjöllun um líkamlega og andlega heilsu, samskipti og vellíðan. Nemendur læra hvað þeir geta gert til að stuðla að eigin vellíðan og annarra. • Sjálfbærni kemur meðal annars fram með því að nemendur velta fyrir sér áhrifum einstaklinga á samfélagið og umhverfið og mikilvægi þess að sýna ábyrgð. • Sköpun fléttast inn í námið á fjölbreyttan hátt. Nemendur fá tækifæri til að hugsa sjálfstætt, þróa eigin hugmyndir og finna nýjar leiðir til að taka þátt og hafa áhrif í samfélaginu.
------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • ólíkum samskiptaformum og áhrifum þeirra á fólk • mikilvægi fordómaleysis og skýrra samskipta • lausnarmiðuðum samskiptum við þjónustunotendur og samstarfsaðila • hvatningu og fjölbreyttum leiðum til að hrósa • gildi uppbyggilegrar gagnrýni sem viðtakandi og veitandi	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • greina helstu áhrifaþætti í framkomu fólks • beita fordómalausum og skýrum samskiptum • takast á við ábyrgðarhlutverk og verkefnastjórn • nota fjölbreyttar leiðir til að hrósa og hvetja, markvisst og uppbyggilega • beita uppbyggilegri gagnrýni
	
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • beita lausnarmiðuðum samskiptum • nota fjölbreyttar leiðir til að hrósa og hvetja, markvisst og uppbyggilega • beita uppbyggilegri gagnrýni	

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga	
2. vika 24.-28. ágúst	Samskipti	
3. vika 31. ágúst-4. september	Einstaklingsvinna	
4. vika 7.-11. september	Einstaklingsvinna	
5. vika 14.-18. september	Einstaklingsvinna	14. september er samskiptadagur
6. vika 21.-25. september	Einstaklingsvinna	
7. vika 28. september-2. október	Einstaklingsvinna	
8. vika 5.-9. október	Einstaklingsvinna	
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Einstaklingsvinna	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Hrós	
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Einstaklingsvinna	
12. vika 2.-6. nóvember	Hvatning	
13. vika 9.-13. nóvember	Einstaklingsvinna	
14. vika 16.-20. nóvember	Einstaklingsvinna	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Einstaklingsvinna	
16. vika 30. nóvember-4. desember	Einstaklingsvinna	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sunna og Valgerður